

Menntaskóli í tónlist
Sjálfsmatsskýrsla 2023-2024



Skólaárið 2023-2024

Um skólann

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt hágæða nám með aðaláherslu á tónlist og er opinn nemendum með ólíkan tónlistarbakgrunn. Nemendur geta sérhæft sig í fjölbreyttum greinum innan sex námsbrauta, með einstaklingsmiðað nám sem stuðlar að persónulegum þroska og gerir þeim kleift að móta námið eftir eigin áhugasviðum og hæfileikum.

Skólinn undirbýr nemendur fyrir fjölbreytt störf innan tónlistar og tónlistariðnaðar, og tekur virkan þátt í þróun atvinnulífs tónlistar með menntun, samvinnu og tengslum við tónlistarhátíðir og stofnanir, svo sem Sinfóníuhljómsveit Íslands og Jazzhátíð Reykjavík.

Auk einkakennslu á hljóðfæri og söng býður MÍT upp á tugi námsgreina hverri önn, allt frá hefðbundnum greinum á borð við tónlistarsögu og hljómfærði til hljóðtækni, leiklistar, kvikmyndatónsmiða, verkefnastjórnunar og spuna. Skólinn vinnur einnig í samstarfi við aðra framhaldsskóla og tengist fjölbreyttu tónlistarlífi landsins í gegnum kennara sína og samstarfsverkefni.

Skólaárið 2023-2024 var skólinn á sjöunda starfsári sínu en skólaárið 2018-2019 fór í fyrsta sinn fram sjálfsmat skólans. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem lögð var áhersla á í Innra mati Menntaskóla í tónlist skólaárið 2023-2024. Sjálfsmat skólans er hluti af lögbundinni starfsemi hans en tilgangur þess er fyrst og fremst að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Nokkrar kannanir voru lagðar fyrir nemendur, bæði á haust- og vorönn, en einnig haldinn vinnu- og stefnumótunarfundur með kennurum skólans.

Hlutverk

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt og metnaðarfullt tónlistarnám fyrir nemendur sem langar til að gerast atvinnumenn í tónlist, vinna störf í tónlistarlífinu, eða vilja stunda skapandi og krefjandi nám í tónlist. Hlutverk skólans felst í því að undirbúa tónlistarnemendur undir háskólanám og atvinnumennsku í tónlist og jafnframt að veita nemendum staðgóða menntun í tónlist sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur á lífsleiðinni. Í Menntaskóla í tónlist eru öflug klassísk og rytmísk deild en það gerir nemendum betur kleift að móta nám sitt eftir eigin áhugasviðum og hæfileikum. Þannig er auknum kröfum samfélagsins og tónlistarlífsins mætt á áhugaverðan hátt en síaukin eftirspurn er eftir því að tónlistarmenn geti brugðist við ólíkum aðstæðum og séu vel heima í ólíkum tónlistarstefnum.

Markmið

Með námi við Menntaskóla í tónlist er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og lögð áhersla á að veita nemendum trausta grunnmenntun í tónlist, bæði þeim sem hyggjast starfa við tónlist og einnig sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf. Við skólann geta nemendur lokið stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein og stundað áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Nemendur geta valið á milli þess að sérhæfa sig í klassískri eða rytmískri tónlist í hljóðfæraleik eða söng. Nemendur geta mótað námið að eigin áhugasviði og sótt námskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og fá nemendur þjálfun í hljómsveitarleik og fjölbreyttu samspili. Jafnframt er lykilatriði að allir nemendur fái haldgóða kennslu í fræðigreinum tónlistar. Markmið skólans er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta notið þess atlætis og þjálfunar sem nauðsynleg er til þess að þeir geti þroskast sem listamenn og skapandi einstaklingar. Þar er því boðið upp á breitt námsframboð á ólíkum sviðum tónlistar svo nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum námskeiðum og geti dýpkað þekkingu sína á ólíkum sviðum tónlistar.

Stefna skólans

- Að undirbúa nemendur markvisst undir háskólanám og tónlistarstörf.
- Að veita nemendum staðgóða tónlistarmenntun sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur.
- Að leggja sérstaka rækt við samleik og samvinnu nemenda með því að standa að öfluggu hljómsveitarstarfi og fjölbreyttum samspilsverkefnum í minni og stærri hópum.
- Að skapa frjótt skólaumhverfi þar sem nemendur fá nauðsynlegan undirbúning til að stunda háskólanám í tónlist og starfa sem tónlistarmenn.
- Að ráða færustu sérfræðinga sem völ er á til kennslu.
- Að hvetja nemendur til þess að iðka og hlusta á fjölbreytta tónlist, fara á tónleika, lesa sér til, hrífast og öðlast bætta skilning á listinni sem þeir iðka.
- Að stuðla að jafnrétti til tónlistarnáms og auknum tækifærum fyrir efnilega tónlistarnemendur til að sækja besta tónlistarnám sem völ er á óháð efnahag og búsetu.
- Að auka námsframboð til þess að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til tónlistarmanna í samtímanum.
- Að gefa nemendum tækifæri á aukinni sérhæfingu í ólíkum stíltegundum tónlistar.
- Að bjóða upp á hagnýt námskeið um störf tónlistarmanna.

Nemendur og nám

Eftirfarandi námsbrautir eru í boði við Menntaskóla í tónlist:

Nám til stúdentsprófs

Þar er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og er námið valkostur fyrir þau sem stefna að því að hafa tónlist að atvinnu. Alls er námið 200 einingar og þar af 98 kjarnagreinar í tónlistargreinum. Nám í almennum bóknámsgreinum á brautinni, 71 eining alls, miðast við skólanámskrá Menntaskólans við Hamrahlíð. Í boði eru þrjár námsbrautir til stúdentsprófs:

1. Stúdentsbraut í klassískri tónlist.

Á brautinni er megináhersla á klassíska tónlist en nemendur geta einnig sótt nám á ólíkum tónlistarsviðum og gefst þannig færi á að aðlaga námið eigin þörfum og áhugasviðum.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein svo sem hljóðfæraleik, söng eða bóklegar greinar á sviði klassískrar tónlistar.

2. Stúdentsbraut í rytmískri tónlist.

Á brautinni er megináhersla á rytmíska tónlist en nemendur geta einnig sótt nám á ólíkum tónlistarsviðum og gefst þannig færi á að aðlaga námið eigin þörfum og áhugasviðum.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein svo sem hljóðfæraleik, söng eða bóklegar greinar á sviði rytmískrar tónlistar.

3. Stúdentsbraut á popplínu

Námið er einstaklingsmiðað og miðar að því að treysta grunn nemenda í sem flestum hliðum popptónlistar samtímans. Í brautarkjarna eru m.a. lagasmíðar, hljóðtækni, upptökustjórnun, raftónlist og verkefnastjórnun. Gert er ráð fyrir námi á aðalhljóðfæri/söng öll árin. Valgreinar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja valnámsskeið á ólíkum sviðum tónlistar

Nám til lokaprófs á 3. hæfniprepi.

Lokaprófið krefst 150 eininga í tónlistarnámi. Námið er skipulagt sem grunnmenntun á sviði tónlistar fyrir þá sem hyggjast gerast atvinnumenn í tónlist eða búa sig undir áframhaldandi nám. Brautin hentar þeim nemendum vel sem stunda nám við aðra framhaldsskóla eða hafa áhuga á að stunda áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsstigi. Einnig er unnt að ljúka framhaldsprófi í klassískri tónlist samkvæmt aðalnámsskrá tónlistarskóla. Í boði eru:

1. Almenn braut í klassískri tónlist.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar á sviði klassískrar tónlistar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á

að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja námskeið á ólíkum sviðum tónlistar.

2. Almenn braut í rytmískri tónlist.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar á sviði rytmískrar tónlistar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja námskeið á ólíkum sviðum tónlistar.

3. Almenn braut á popplínu

Námið er einstaklingsmiðað og miðar að því að treysta grunn nemenda í sem flestum hliðum popptónlistar samtímans. Í brautarkjarna eru m.a. lagasmíðar, hljóðtækni, upptökustjórnun, raftónlist og verkefnastjórnun. Gert er ráð fyrir námi á aðalhljóðfæri/söng öll árin. Valgreinar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja valnámskeið á ólíkum sviðum tónlistar.

Nemendur

Alls stunduðu 215 nemendur nám við MÍT haustið '23 og 207 nemendur vorið '24. Þar af stundaði 71 nemandi nám á stúdentsbrautum skólans á hvorri önn, 128 nemendur stunduðu nám á almennum brautum á haustönn og 122 á vorönn. 16 nemendur stunduðu að auki gestanám í fræðigreinum tónlistar á haustönn og 14 á vorönn. Aldursbil staðnemenda hefur minnkað á síðustu árum og eru lang flestir nemendur skólans nú á framhaldsskólaaldri. Einnig stundar lítill hópur grunnskólanemenda á unglingastigi nám við skólann, en þau eiga það sameignilegt að vera komin í framhaldsstig í hljóðfæranámi (Menntaskóli í tónlist, 2018; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2019).

Starfsfólk

Starfsfólk við skólann á haustönn 2023 var alls 84 í 29,9 stöðuhlutföllum. Þar af 38 konur og 46 karlmenn.

Sjálfsmat skóla

Í skólanámskrá Menntaskóla í tónlist er fjallað um sjálfsmat og gæðamál og lagður grunnur að framkvæmd innra mats. Þar segir:

Sjálfsmat skólans er hluti af lögbundinni starfsemi hans. Tilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Sjálfsmat skólans nær til skólastarfsins í heild sinni og í sjálfsmatsskýrslu sem skólinn vinnur árlega er tekið mið af ólíkum þáttum líkt og kennslu, stjórnun, rekstrarþáttum, samskiptum, samvinnu og annarra þátta sem tengjast skólanum. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá og stefnu skólans. Niðurstöður sjálfsmatsskýrslunnar eru leiðbeinandi fyrir skólaþróun og umbætur í skólastarfinu. Við gerð sjálfsmatsskýrslunnar er tekið mið af starfsmannafundum og starfsmannaviðtölum sem fara fram með reglubundnum hætti. Jafnframt er tekið mið af viðhorfs- og áfangakönnun nemenda. Sjálfsmatið er því samantekt fjölmargra athugana og kannana sem teknar hafa verið saman með hliðsjón af viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um sjálfsmat. Skólameistari hefur yfirumsjón með sjálfsmati en honum er heimilt að skipa nefnd skipaða kennurum til að vinna að sjálfsmatsskýrslu.

Kannanir skólaárið 2023 - 2024

Skólaárið 2023-2024 var lögð áhersla á að kanna viðhorf nemenda til námsins og félagslegra tengsla í skólanum. Lögð var fyrir ein könnun á hvorri önn.

Ekki var lögð könnun fyrir starfsfólk skólans í lok skólaársins en aftur á móti bauð skólameistari öllu starfsfólki starfsmannaviðtal snemma á vorönn. Skólinn bauð starfsfólki upp á ýmis konar fræðslu og námskeið á þessu skólaári. Á haustönn fékk starfsfólk fræðslu um leiðsagnarnám og fjölbreytt námsmat. Á vorönn var boðið upp á fræðslu um aðstoð við nemendur sem glíma við kvíða. Einnig bauðst starfsfólki að taka þátt í skyndihjálparnámskeiði. Skólinn tók einnig þátt í starfsþróunardegi framhaldsskólanna í mars. Sjálfsmatsskýrsla er gefin út árlega að hausti og birt á heimasíðu skólans. Skólinn starfar einnig skv. 3 ára starfsáætlun með aðgerðaáætlun sem fylgt er eftir árlega. Núgildandi starfsáætlun nær yfir árin 2021-2024 og er því komið að gerð næstu starfsáætlunar 2024-2027.

Nemendakannanir:

Lagðar voru fyrir tvær kannanir fyrir nemendur á skólaárinu, í nóvember og apríl. Almennt voru nemendur jákvæðir í garð skólans og skólastarfsins. Nemendakannanir geta veitt mjög mikilvæga innsýn í viðhorf nemenda til skólastarfsins og hafa nýst skólastjórnendum vel við stefnumótun og skipulag skólastarfsins. Svarhlutfall var 64% á haustönn en 54% á vorönn.

Nemendakönnun á haustönn

Svarhlutfall var 64%

Spurt var :


1. Í hvaða deild ertu?

● Klassískri deild	62
● Rytmískri deild	62




2. Á hvaða braut ertu?

● almennri braut (klassískri, rytmískri eða popplínu)	76
● stúdentsbraut (klassískri, rytmískri eða popplínu)	48




3. Á hvaða aldri ert þú?

• yngri en 16 ára	16
• 16-19 ára	81
• 20 ára eða eldri	27



4. Hvernig hefur þér liðið í skólanum á önninni?

• mjög vel	44
• frekar vel	59
• hvorki né	16
• frekar illa	3
• mjög illa	2



5. Hvað hefur áhrif á líðan þína í skólanum?

Flestir nemendur lýsa jákvæðri upplifun af skólanum og nefna að **félagslíf og samskipti** hafi mest áhrif á líðan þeirra. Um helmingur allra svarenda talar sérstaklega um vinina, samnemendur, stemninguna og andrúmsloftið sem jákvæðan þátt. Margir tengja þetta einnig við kennarana; yfir þriðjungur svarenda leggur áherslu á að **persónuleiki og stuðningur kennara** skipti sköpum. Þegar kennarar eru hvetjandi, skemmtilegir eða skilningsríkir eykur það líðan og ánægju með námið.


Á sama tíma bendir töluverður hópur, um fjórðungur, á að **námsálag, verkefni, próf og skipulag** geti haft neikvæð áhrif. Þreyta, svefnskortur og vinnuálag eru endurtekin þemu sem tengjast beint streitu og kvíða. Hjá hluta nemenda blandast þetta saman við áhyggjur af því að standa sig illa eða halda ekki í við kröfur námsins.

Hluti nemenda, um tíundi hver, bendir á að **persónulegir þættir utan skóla**, svo sem heimilisaðstæður, andleg heilsa eða kvíði, hafi meiri áhrif á líðan en skólinn sjálfur. Þeir lýsa því að skólinn geti verið annaðhvort hvíld frá erfiðleikum utan skóla eða staður þar sem álagið magnast.

Í heild er myndin sú að mikill meirihluti svara er jákvæður – rúmlega tveir af hverjum þremur nefna fyrst og fremst vini, kennara eða jákvætt andrúmsloft sem lykilatriði í líðan. Minni hluti, um þriðjungur, leggur meiri áherslu á álag, kvíða eða persónulega erfiðleika.


6. Finnst þér þú ná að tengjast skólafélögum þínum?

● já, mjög vel	31
● frekar vel	57
● hvorki né	15
● frekar lítið	16
● alls ekki	5



7. Hversu mikilvægt finnst þér að hafa félagslegar tengingar innan skólans?

● mjög mikilvægt	75
● frekar mikilvægt	36
● hvorki né	10
● frekar ómikilvægt	2
● ómikilvægt	1



8. Hvernig finnst þér kennslan ganga í áföngum sem þú stundar á þessari önn (einkatímar eða hóptímar) varðandi kennslu, námsefni og viðmót kennara?

Flestir nemendur sögðust ánægðir með kennsluna í heild og segja hana ganga vel.

Sérstaklega eru jákvæð samskipti við kennara og framfarir í einkatímum nefnd sem mikilvæg atriði sem styrkja líðan og námsárangur. Um tveir af hverjum þremur nemendum lýsa kennslu sem góðri eða mjög góðri.

Samt bendir um þriðjungur nemenda á atriði sem mættu fara betur, einkum þegar kemur að skipulagi og fjölbreytni í kennsluháttum. Þar nefna nemendur að stundum skorti skýra áætlun, verkefni séu of sein að berast eða kennsla of einhæf.

Heildarmyndin er þó sú að kennslan er almennt vel metin, kennarar eru taldir áhugasamir og hvetjandi, og gagnrýnin snýr fyrst og fremst að skipulagi fremur en gæðum samskipta eða viðmóts kennara.

9. Er fleira sem þú vilt taka fram varðandi einstaka kennara, áfanga eða annað í skólastarfinu?

Flestir nemendur segjast ekki hafa sérstakt að bæta við eða leggja til varðandi skólastarfið. Þeir sem tjá sig nefna aðallega jákvæða hluti: margir hrósa kennurum sérstaklega fyrir gott viðmót, hvetjandi kennslu og að gera námsefnið aðgengilegt og skemmtilegt.

Samt koma fram ábendingar frá hluta nemenda, einkum um að skipulag mætti vera skýrara og stöðugra, að húsnæði og aðstæður í sumum stofum væru óhentugar og að tónleikar og viðburðir mættu vera betur samræmdir og auglýstir. Nokkrir nefna einnig að þörf sé á fjölbreyttari nálgun í kennslu, til dæmis hægara námi í tónfræði fyrir byrjendur.

Heildarniðurstaðan er þó sú að almenn ánægja ríkir með kennarana og skólastarfið, en nemendur benda á ákveðin atriði í skipulagi og aðstæðum sem mætti bæta til að styrkja upplifunina enn frekar.

Nemendakönnun að vori

Svarhlutfall var 54%

Spurt var eftirfarandi spurninga:

1. Í hvaða deild ertu?

● Klassískri deild	56
● Rytmískri deild	48




2. Á hvaða braut ertu?

● almennri braut (klassískri, rytmískri eða popplínu)	60
● stúdentsbraut (klassískri, rytmískri eða popplínu)	44




3. Á hvaða aldri ert þú?

● yngri en 16 ára	9
● 16-19 ára	66
● 20 ára eða eldri	29



4. Hvernig hefur þér líðið í skólanum á önninni?

● mjög vel	39
● frekar vel	48
● hvorki né	11
● frekar illa	4
● mjög illa	2



5. Hvað hefur áhrif á líðan þína í skólanum?

Svör nemenda sýna að bæði félagslegir og námslegir þættir hafa áhrif á líðan í skólanum.

Stærsti hluti nemenda nefndi félagslífið, vinina, samnemendur og stemninguna sem mikilvæga þætti – margir segja að gott félagslíf, opið viðmót og skemmtilegt fólk hafi bein áhrif á líðan þeirra.


Kennarar og samskipti við þá voru einnig mjög áberandi í svörunum. Margir hrósa kennurum fyrir hvetjandi viðmót, áhuga og stuðning, og telja það hafa jákvæð áhrif á upplifun sína.

Á hinn bóginn bendir **töluverður hluti nemenda** á að námsálag, þreyta, svefnleysi og fjöldi verkefna hafi neikvæð áhrif. Þar kemur fram að velgengni í námi, frammistaða og hversu mikið er að gera ráði miklu um líðan. Einnig eru nefnd atriði eins og skipulag, líkamlegar aðstæður í sumum stofum og samskipti sem geta valdið streitu eða óánægju.

Í heild er myndin sú að **jákvæð áhrif félagslífs og kennara vega þyngst** hjá meirihlutanum, en **álag og utanaðkomandi streita** eru algengustu neikvæðu áhrifin sem nemendur nefna.


6. Finnst þér þú ná að tengjast skólafélögum þínum?

● já, mjög vel	30
● frekar vel	41
● hvorki né	14
● frekar lítið	14
● alls ekki	5



7. Hversu mikilvægt finnst þér að hafa félagslegar tengingar innan skólans?

● mjög mikilvægt	61
● frekar mikilvægt	36
● hvorki né	7
● frekar ómikilvægt	0
● ómikilvægt	0



8.

Hvernig finnst þér kennslan ganga í áföngum sem þú stundar á þessari önn (einkatímar eða h óptímar) varðandi kennslu, námsefni og viðmót kennara?

Flestir nemendur segja að kennslan í áföngum hafi almennt gengið vel í vetur, bæði í einkatímum og hóptímum. Sérstaklega er kennurum hrósað fyrir gott viðmót, hvetjandi kennsluhætti og fyrir að ná vel til nemenda. Margir nefna að þeir hafi lært mikið og fundið fyrir góðum stuðningi, og eru einkatímar sérstaklega dregnir fram sem mjög jákvæðir.

Á hinn bóginn kemur fram gagnrýni á ákveðna áfanga og kennsluhætti. Nokkrir nemendur lýsa óánægju með skipulag í bóklegum fögum þar sem námsefnið sé of umfangsmikið, kennslan lítt fjölbreytt og of lítið stuðst við hjálpargögn eins og glærur eða INNU. Einnig nefna sumir að tímasetningar og frí dragi úr samfelli í kennslunni og geri námsframvindu erfiðari.

Samantekið er myndin sú að meirihluti nemenda sé jákvæður gagnvart kennslunni, einkum í hljóðfæra- og verklegum tímum, en helstu umbótatillögur lúta að skýrara skipulagi, fjölbreyttari kennsluaðferðum og betra aðgengi að námsgögnum í bóklegum fögum.

9. Er fleira sem þú vilt taka fram varðandi einstaka kennara, áfanga eða annað í skólastarfinu?

*Um **helmingur nemenda (um 55%)** svaraði einfaldlega „nei“ eða að þeir hefðu ekkert sérstakt að bæta við, sem bendir til að meirihluti sé almennt sáttur með skólastarfið.*

*Af þeim sem tóku sér tíma til að skrifa athugasemdir komu fram helstu áherslur á **aðstæður og skipulag**:*

- Nokkrir bentu á að kennslustofur og borð/undirlag gætu verið betri til að auðvelda nám og einbeitingu.
- Tímasetningar og lengd tónleika eða annarra verkefna var nefnd sem álagspunktur.
- Ýmsir nefndu mikilvægi skýrra upplýsinga frá kennurum og góðra samskipta milli kennara og nemenda.

*Heilt yfir sýna svörin að nemendur eru ánægðir með kennara og skólastarfið í heild, en að **aðstæður, skipulag og rými** hafa áhrif á vellíðan og námsgæði.*

Starfsmannakannanir:

Ekki var lögð könnun fyrir starfsfólki skólans í lok skólaársins en aftur á móti bauð skólameistari öllu starfsfólki starfsmannaviðtal snemma á vorönn.

Skólinn bauð starfsfólki upp á ýmis konar fræðslu og námskeið á þessu skólaári. Á haustönn fékk starfsfólk fræðslu um leiðsagnarnám og fjölbreytt námsmat. Á vorönn var boðið upp á fræðslu um aðstoð við nemendur sem glíma við kvíða. Einnig bauðst starfsfólki að taka þátt í skyndihjálparnámskeiði.

Fjarnám og gestanemendur

9 nemendur frá öðrum tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu og nálægum sveitarfélögum stunduðu gestanám í bóklegum greinum skólans.

Skólinn hélt úti sérstökum fjarnámsvef með umtalsverðum kostnaði á árunum 2017-2021 sem nýttist einnig að ákveðnu leyti sem viðbót við staðkennslu, en sem áður segir stunduðu ekki margir nemendur eiginlegt fjarnám við skólann á hverri önn. Upp komu ýmis vandræði við nýtingu fjarnámsvefsins, og nemendur kvörtuðu m.a. yfir að þurfa að nota önnur kerfi en Innu við námið. Einnig höfðu forráðamenn ekki yfirsýn yfir nám barna sinna innan fjarnámskerfisins.

Til þess að geta þjónað tónlistarnemendum á landsbyggðinni betur þarf að eiga sér stað umræða um fjarnámið til þess að það virki sem best fyrir nemendur.

Helstu áherslur í skólaþróun

Stjórnun og skipulag

Starfsáætlun:

Skólastjórnendur vinna samkvæmt þriggja ára starfsáætlun skólans (2021-2024) þar sem skoðaðir eru reglulega ólíkir þættir skólastarfsins og mörkuð skýr stefna um þróun skólans á næstu árum.

Útgáfa ársskýrslu:

Útgáfa ársskýrslu MÍT hefur verið í föstum farvegi frá vorinu 2021. Í ársskýrslu kemur fram nákvæmt yfirlit um skólaárið og starfsemi skólans á því tímabili. Aðstoðarskólameistari vann að útgáfu ársskýrslu í samvinnu við skólameistara.

Samstarf við foreldra og nemendur:

Nemendafélagið var virkt og stóð fyrir fjölda viðburða á árinu. Foreldrafélag skólans var einnig endurvakið, en starfsemi þess þó í lagmarki á árinu.

Sjálfsmat:

Í skólanámsskrá er fjallað um sjálfsmat og sett fram áætlun um það. Þar segir að „tilgangur sjálfsmats sé að stuðla að framgangi markmiða skóla, meta árangur og stuðla að umbótum. Sjálfsmatið skal ná til skólastarfsins í heild, kennslu, stjórnunar, rekstrar, samskipta og annara þátta.“ Þar kemur jafnframt fram að skólameistari hafi umsjón með sjálfsmati og að honum sé heimilt að skipa nefnd kennara sem hafi það hlutverk að vinna sjálfsmatsskýrslu (Menntaskóli í

tónlist, 2018). Í skólanámsskrá var lagður grunnur að hugmyndafræði sjálfsmatsins og á skólaárinu 2018-2019 var í fyrsta sinn unnið innra mat skólans. Nú gefur skólinn út sjálfsmatsskýrslu á hverju ári en 3 ára áætlun um sjálfsmat skólans þar sem ólíkir þættir í skólastarfinu verða kannaðir liggur fyrir í starfsáætlun MÍT.

Jafnréttisáætlun og jafnlaunavottun

Jafnréttisáætlun MÍT var samþykkt af jafnréttisstofu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu í mars 2021 og gildir til 2024. Jafnréttisáætlun Menntaskóla í tónlist byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og á annars vegar um skólann sem vinnustað og hins vegar um skólann sem menntastofnun.

Jafnréttisáætlun MÍT var samþykkt af Jafnréttisstofu og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vorið 2021 og gildir til 2024. Jafnréttisáætlun Menntaskóla í tónlist byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og á annars vegar um skólann sem vinnustað og hins vegar um skólann sem menntastofnun. Skólinn hefur markvisst unnið að markmiðum áætlunarinnar, m.a. með fræðslufundum og námskeiðum fyrir starfsfólk skólans. Skólinn hlaut jafnlaunavottun í nóvember 2023 og uppfyllir þar með kröfur sem tilgreindar eru í staðlinum ÍST 85:2012

Skólaþróun

Menntaskóli í tónlist (MÍT), stofnaður árið 2016, er einn yngsti framhaldsskólinn á landinu. Skólinn byggir á tveimur rótgrónum tónlistarskólum, og þróunarvinna hefur snúist um að aðlaga tónlistarnám úr tónlistarskólaumhverfi inn í framhaldsskólaumhverfi. Með innleiðingu

tónlistarnáms sem hluta af framhaldsskólanámi hefur verið lögð áhersla á að þjóna fjölbreyttum nemendahóp, sem hefur haft áhrif á kennsluaðferðir, námsmat og skipulag.

Námið leggur áherslu á breiða tónlistarmenntun og undirbúning fyrir háskólanám í tónlist, en markmiðið er ekki aðeins að mennta flytjendur og tónhöfunda heldur einnig þátttakendur í tónlistarlífi landsins á breiðari grundvelli. Sérstök áhersla er lögð á þróun tónfræðigreina, tengingu bóklegs og verklegs náms, auk aukins frumkvæðis og samvinnu nemenda.

Skólahúsnæði rytmískrar og klassískrar deildar er staðsett á tveimur stöðum í borginni, sem hefur takmarkað samskipti nemenda á milli deilda. Til að bregðast við þessu hittast allir fyrstaárs nemar á stúdentsbrautum saman í Skipholti á föstudagsmorgnum, sem hefur styrkt tengsl og samstöðu nemenda. Á lokaári er lögð sérstök áhersla á námskynningar og undirbúning fyrir útskrift, auk vinnu við útskriftarhátíð skólans.

Útskriftarhátíðin var haldin í Hörpu yfir þrjá daga með 30 tónleikum. Hátíðin heppnaðist vel, með aukinni virkni nemenda og kennara, og vakti meiri athygli almennings en áður.

Aðstæður og starfsfólk Hörpu voru til fyrirmyndar og hátíðin hefur þegar verið bókuð fyrir næsta skólaár.

Sem liður í þróun skólans hefur verið lögð áhersla á tengsl við tónlistarskóla í nágrannalöndum, m.a. með heimsóknum kennara og stjórnenda, nemendaskiptum og samstarfsverkefnum. MÍT mun jafnframt verða aðildarskóli Ungmennasinfóníuhljómsveitar Norðurlanda, Orkester Norden, sem eykur tengsl við önnur tónlistarnám á Norðurlöndunum og styrkir nemendastarf á alþjóðavettvangi.

Samstarfsverkefni

Skólastjórnendur hafa sett þá stefnu að auka markvisst samstarf við aðra skóla, stofnanir og tónlistarhátíðir. Náð samstarf Menntaskólans við Hamrahlíð og MÍT heldur áfram, bæði um aðgengi MÍT nemenda á stúdentsbraut að kjarnaáföngum í MH, en einnig að félagslífi, kórstarfi og stoðþjónustu. Á vorönn átti sér einnig stað mjög velheppnað samstarf um uppsetningu á sögnleiknum Söngvaseið, en nemendur MÍT sáu um hljómsveitarleik og voru einnig í burðarhlutverkum í sýningunni. MÍT á einnig í samstarfi við aðra framhaldsskóla vegna nemenda á stúdentsbrautum, en hluti nemenda á stúdentsbrautum MÍT stundar

almenna bóknámsáfangi við aðra skóla ýmist í fjar- eða staðnámi. Samstarf við tónlistarskóla FÍH heldur áfram, m.a. um masterklassa og aðra þætti skólastarfsins í rytmísku deildinni. Vel heppnað samstarf MÍT og Borgarholtsskóla heldur áfram, en nemendur í verkefnastjórnun hafa unnið með nemendum Borgarholtsskóla í grafískri hönnun að verkefnum tengdum sönguppfærslu rytmískrar deildar á vorönn. Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands var eflt með formlegum hætti, en MÍT er skilgreindur sem “heimaskóli” SÍ. Samstarf er um ýmislegt sem tengist Ungsveit SÍ, masterklassa, tónleikasókn nemenda, heimsóknir nemenda á æfingar SÍ og samtvinnun verkefna í MÍT áföngum við starf sinfóníunnar.

Samstarf við LHÍ var talsvert á árinu, en skólarnir stóðu m.a. sameiginlega að ráðstefnum, nemendatónleikum, masterklössum og áttu einnig samstarf um kammertónlistarkennslu. Einnig höfum við tekið á móti kennaranemum í æfingakennslu og áhorf bæði frá kennaradeildum LHÍ og Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Gott samstarf var við Skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar um samspil nemenda, en skólahljómsveitum bauðst að senda langt komna nemendur í stórsveit MÍT. Samstarf við Myrka músíkdaga hélt áfram í vetur í formi veglegra tónleika nemenda MÍT á hátíðinni, og er stefnt að áframhaldandi samstarfi. Vonast er til að virkja samstarf við enn fleiri stofnanir og aðila í tónlistarlífinu í nágrenni framtíð.

Samtal og vísir að samvinnu við Sankt Annae tónlistarmenntaskólann í Kaupmannahöfn hófst á árinu með nemendadvöl og heimsókn kennara og stjórnenda MÍT í skólann. Það verður spennandi að fylgja því eftir.

Samskipti og líðan

Menntaskóli í tónlist leggur áherslu á að fylgjast reglulega og markvisst með líðan nemenda, bæði með reglulegum viðtölum við ákveðna nemendahópa, en einnig með reglulegum könnunum sem sendar eru til allra nemenda skólans á hverri önn.

Skólinn hefur brugðist við ákalli um aukinn stuðning við andlega heilsu nemenda með því að þróa og innleiða lífsleikniáfangi við skólann sem sérstaklega er sniðinn að geðrækt og með þarfir tónlistarnema í huga. Einnig höfðu nemendur aðgang að skólasálfræðingi MH.

Skólinn sérhæfir sig í tónlistarkennslu og hann sameinar vissulega oft nám og áhugamál nemenda. Það er einnig staðreynd að tónlistarnemendur eru oft undir miklu álagi, til þeirra eru gerðar þó nokkrar kröfur um árangur og þeir þurfa margir að takast á við sviðskrekk sem fylgir þeim fjölmörgu tónleikum sem skólinn stendur fyrir. Jafnframt fylgir tónlistarnámi alltaf ákveðið samkeppnisumhverfi sem er mikilvægt að vera meðvitaður um og vinna með á jakvæðan hátt. Það er sjálfsgæður partur af tónlistarnámi að takast á við þessar áskoranir og læra að koma fram, en á sama tíma er mjög mikilvægt að skólinn fylgist markvisst með líðan nemenda. Jafnframt er vonast til þess að endurreisn foreldrafélags skólans muni stuðla að opinni og virkri umræðu við foreldra um skólastarfið og hvernig megi hlúa sem best að velferð og líðan nemenda.

Húsnæði og aðbúnaður

MÍT býr að miklum mannauði, bæði nemendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans en það er verulega aðkallandi að skólinn komist sem fyrst undir eitt þak í húsnæði sem hentar starfseminni. Klassísk og rytmísk deild skólans eru staðsettar annars vegar í Skipholti og hins vegar Rauðagerði sem gerir það að verkum að nemendur og kennarar deildanna tveggja hittast lítið eða ekkert, og hluti nemenda þarf að ferðast milli borgarhluta til að sinna námi sínu. Auk þess eru almennar bóknámsgreinar á stúdentsbraut kenndar við Menntaskólann í Hamrahlíð, svo nemendur á stúdentsbrautum þurfa að sækja tíma á þremur stöðum.

Húsnæðið í Rauðagerði er mikið samnýtt með tónlistarskóla FÍH og stéttarfélagi FÍH og er orðið mjög þröngt um skólastarfið þar og ekki hægt að koma allri starfsemi rytmískrar deildar fyrir. Mikill hluti skólastarfsins fer fram í einkatímum og því enn mikilvægara en í hefðbundnu framhaldsskólanámi að hlúa að skólaanda og félagslegum þáttum skólastarfsins sem meðal annars húsnæði hefur mikil áhrif á. Unnið hefur verið að ýmsum hugmyndum varðandi húsnæðismál skólans undanfarin ár, en enn hefur ekki tekist að koma því í góðan farveg. Vonir standa til þess að yfirvöld muni stíga öruggar inn í það að koma skólanum í ásættanlegt húsnæði sem sómir þessu blómlega skólastarfi sem er mikilvægur grunnur að tónlistarlífi landsins, en ríkið hafði upphaflega frumkvæði að stofnun skólans.

Lokaorð

Vorið 2024 lauk MÍT sínu sjöunda starfsári. Mikil uppbygging og nýsköpun í skólastarfi hefur átt sér stað á þessum tíma þó skólastarfið sé enn í sífelldri mótun. Smám saman hefur skólinn fest rætur og gegnir nú þegar lykilhlutverki í tónlistarmenntun á Íslandi. Í skólanum koma saman um 200 nemendur sem allir leggja stund á tónlist af ástríðu og áhuga. Fjölbreytt námsframboð skólans gefur þeim tækifæri á einstaklingsmiðuðu námi þar sem þau geta mótað námið að eigin áhugasviði og hæfileikum. Kennarar og starfsfólk skólans hafa lagst á eitt við að byggja upp faglegt og jákvætt lærdómssamfélag þar sem nemendur fá að þroskast og vaxa sem manneskjur og tónlistarfólk. Skólinn stendur vissulega frammi fyrir krefjandi áskorunum, þar er ekki síst mikilvægt að koma skólanum undir eitt þak svo skólinn geti orðið sú heilsteypta menntastofnun í tónlist sem stefnt er að með öflugri klassískri og rytmískri deild undir sama þaki. Stjórnendur skólans og kennaralið vinnur samhent og af heilum hug að því að byggja upp enn sterkari framhaldsskóla og lykilstofnun í íslensku tónlistarlífi

Heimildir

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda nr. 87/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámsskrá framhaldsskóla. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2019). Menntaskóli í tónlist – ytra mat á haustönn 2018. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Menntaskóli í tónlist. (2020). Skólanámsskrá 2020-2021. Reykjavík: Menntaskóli í tónlist.